

Byggðaráð Múlapings - 90 (11.7.2023) - Samráðsgátt. Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu

Málsnúmer : 202307019
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 11.07.2023

Inngangur :
Niðurstaða : Fyrir liggur erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sent er á aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga varðandi ábendingar og/eða tillögur til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings fagnar því að hafin sé vinna við skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu með það að markmiði m.a. að ávinningur vegna auðlindanýtingar skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga. Byggðaráð beinir því til umhverfis- og framkvæmdaráðs að móta ábendingar og/eða tillögur fyrir hönd sveitarfélagsins og koma á framfæri við starfshóp sem á vegum fjármála- og efnahagsráðherra var falin skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.